

DEILISKIPULAG LANDMANNALAUGA



Greinargerð 09. JANÚAR 2017



Rangárbíng ytra

-

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur 09.01.2017

EFNISYFIRLIT

1	Viðfangsefni og áherslur.....	6
2	Tilgangur og markmið.....	8
2.1	Kynning og samráð	8
2.2	Áfangaskipting.....	9
3	Deiliskipulag	10
3.1	Byggingarskilmálar	10
3.1.1	Þjónustusvæði við Námskvísl (B og N).....	10
3.1.2	Skýli við Laug í Landmannalaugum (D)	11
3.1.3	Skýli við áningastað vestan við Námshraun	12
3.1.4	Skáli Ferðafélags Ísland	12
3.1.5	Tjaldsvæði við skála Ferðafélags Íslands	12
3.1.6	Móttökuhús/gestastofa við Námshraun (M)	13
3.1.7	Gestaskálar við Námshraun 6 stk. (G).....	14
3.1.8	Starfsmannaskáli 4 stk (S).....	14
3.1.9	Þjónustuhús með baðaðstöðu við manngerða laug (Þ)	14
3.1.10	Tjaldsvæði við Námshraun (T)	15
3.1.11	Hestagerði og hestaskýli (D).	15
3.1.12	Upplýsingamiðlun á skiltum.	15
3.2	Umferð og bílastæði	15
3.2.1	Bílastæði við Námskvísl	15
3.2.2	Bílastæði við áningarstað vestan Námshrauns.....	16
3.2.3	Bílastæði við Námshraun	16
3.2.4	Þjónustuplan við skála Ferðafélags Íslands.....	16
3.3	Gönguleiðir.....	16
3.3.1	Akfær göngustígur.....	16
3.3.2	Göngustígar	16
3.3.3	Fljótandi göngustígar.....	17
3.3.4	Gönguslóðar	17
3.4	Hjólaleið	17
3.5	Reiðleið	17
3.6	Varnargarður og rofvarnir	17
3.7	Rafmagn	18
3.8	Vatnslagnir og vatnsból	18
3.9	Frárennsli og fráveita.....	18
4	Forsendur.....	18

4.1	Fyrirliggjandi stefna og aðrar áætlanir	18
4.1.1	Landsskipulagsstefna	18
4.1.2	Rammaskipulag suðurhálendis	18
4.1.3	Aðalskipulag Rangárpings ytra 2010-2022	19
4.1.4	Verndaráætlun Friðlands að Fjallabaki	20
4.2	Staðhættir og umhverfisaðstæður	20
4.2.1	Núverandi aðstaða / landnotkun	20
4.3	Verndarsvæði	21
4.3.1	Friðlýst svæði	21
4.3.2	Hverfisvernd vegna fornminja	22
4.4	Jarðfræði	22
4.4.1	Jarðhiti	22
4.5	Gróðurfar	24
4.6	Fuglar	25
4.7	Fornleifar	26
4.8	Heilsa og öryggi	28
4.9	Ferðapjónusta	28
5	Umhverfisskýrsla	30
5.1	Áhrifa- og umhverfispættir	30
5.2	Viðmið	30
5.3	Upplýsingaöflun og aðferðarfræði	30
5.4	Umhverfismat	31
5.4.1	Sjónræn áhrif	31
5.4.2	Samfélag – hagrænt	31
5.4.3	Samfélag – öryggi, náttúruvá	32
5.4.4	Landnotkun	32
5.4.5	Fornleifar	32
5.4.6	Gróður og jarðvegur	33
5.4.7	Jarðmyndanir	33
5.4.8	Vatnafar	34
5.4.9	Fuglalíf	34
5.5	Niðurstaða mats	34
6	Vöktun	35
7	Heimildarskrá	36
	VIÐAUKI I	38
	VIÐAUKI II	39

Myndaskrá

Mynd 1. Mörk deiliskipulagssvæðis.	7
Mynd 2. Áreyrar Jökulgilskvíslar 2011 og áreyrar Jökulgilskvíslar ágúst 2014.	8
Mynd 3. Sýnir dæmi um útfærslu á torgi, skýli og snyrtingum.	11
Mynd 4. Skurðmynd af skýli við Laugina.	12
Mynd 5. Dæmi um skýli við Laug og horft að skála Ferðafélags Íslands þegar búið er að fjarlægja önnur mannvirki.	13
Mynd 6. Skurðmynd sem sýnir byggingar fyrir Gestastofu við Námshraun.	13
Mynd 7. Skurðmynd sem sýnir gestaskála.	14
Mynd 8. Dæmi um útlit þjónustuhúss og manngerða laug.	14
Mynd 9. Snið sem sýnir bílastæði, göngustíg og rofvörn.	15
Mynd 10. Akfær göngustígur á rofvörn.	16
Mynd 11. Vegur meðfram Suðurnámi.	17
Mynd 12. Rammaskipulag suðurrhálendis (Steinsholt sf. 2013).	19
Mynd 13. Aðalskipulag Rangárbings ytra 2010-2022, afréttur.	20
Mynd 14. Myndir teknar af tjaldsvæðinu í Landmannalaugum sumarið 2014.	21
Mynd 15. Myndir teknar í Landmannalaugum sumarið 2014 og 2016.	21
Mynd 16. Jarðfræðikort (NÍ).	23
Mynd 17. Myndir sem sýna ýmis gróðurlendi í Landmannalaugum (Guðjón Guðmundsson).	24
Mynd 18. Gróðurkort af Landmannalaugum (NÍ, 2014).	25
Mynd 19. Sýnir skráðar fornleifar á Laugasvæðinu.	27
Mynd 20. Skipting gistingar í Landmannalaugum (Ferðafélag Íslands).	28
Mynd 21. Skissuteikning sem notuð var við val á svæðinu við Námshraun.	33

Töfluskrá

Tafla 1. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar.	30
---	----

1 VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR

Deiliskipulagstillaga þessi nær yfir Landmannalaugar í Rangárþingi ytra, nú á auglýsingartíma gefst hagsmunaraðilum tækifæri á að koma með athugasemdir og ábendingar.

Hér er lagt fram deiliskipulag fyrir Landmannalaugar í Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið er byggt á vinningstillögu hugmyndasamkeppni um deiliskipulag og hönnun Landmannalauga sem Landmótun og VA-Arkitektar unnu árið 2014.

Deiliskipulagið nær yfir Landmannalaugasvæðið sem er um 182 ha og er í um 500 m hæð yfir sjávarmáli. Það nær yfir núverandi þjónustusvæði í Landmannalaugum og næsta nágrenni á um 500-800 m breiðu svæði frá mynni Grænagils í suðri og norður fyrir vegamót Fjallabaksleiðar nyrðri og Landmannalaugavegar (sjá mynd 1). Um svæðið liðast Jökulgilskvísl og aurar hennar þekja tæplega helming af austurhluta svæðisins. Aðkoma inn á svæðið er af Fjallabaksleið nyrðri en vegurinn inn í Landmannalaugar liggur vestast um Námshraun.

Landmannalaugar tilheyra Friðlandi að Fjallabaki sem var friðlýst árið 1979 en svæðið er í umsjón Umhverfisstofnunar. Landmannalaugar eru einnig þjóðlenda sem þýðir að íslenska ríkið fer með eignarhald og umsjón með svæðinu og auðlindum þess þó að Rangárþing ytra eigi þar ákveðin réttindi, sbr. lög nr. 58/1998 með síðari breytingum.

Lýsing fyrir skipulagið var auglýst í ágúst 2016 og var hún kynnt á íbúafundi á Hellu þann 28. september 2016. Skipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða þar sem þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi eru tilkynningarskyldar skv. lið 12.05 í 1. viðauka í lögum nr. 106/200 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br.




Mynd 1. Mörk deiliskipulagssvæðis.

2 TILGANGUR OG MARKMIÐ

Landmannalaugar eru fjölsóttasti ferðamannastaður á hálendi Íslands og þangað koma um og yfir 70.000 ferðamenn á hverju ári. Landmannalaugar eru mótaðar af eldvirkni og jarðhita, landið er fjöllótt og einkennist af mikilli litadýrð allt frá ljósbleiku líparíti að biksvartri hrafnitinnu. Hraun og ár setja líka sterkan svip á landslagið og upp úr hraunbreiðunum rísa gróðurlítill líparítsfjöll.

Tilgangur með gerð deiliskipulags Landmannalaugasvæðisins er að skapa aðstæður sem draga úr álagi af völdum ferðamanna en að sama skapi bæta þjónustu við ferðamenn á svæðinu.

Í dag er megin þjónustukjarninn undir Laugahrauni en lögð er áhersla á að færa meginþunga þjónustu norður fyrir Námshraun og dagaðstöðu norður fyrir Námskvísl og þannig hlífa viðkvæmu svæði við Laugahraun. Markmið skipulagsins er að styrkja ímynd Landmannalauga sem stórbrotið náttúrusvæði og þannig raska sem minnst náttúru og lífríki svæðisins.



Mynd 2. Áreyrar Jökulgliskvíslar 2011 og áreyrar Jökulgliskvíslar ágúst 2014.

2.1 Kynning og samráð

Starfræktur hefur verið vinnuhópur um framtíðarskipulag Landmannalauga og hefur hópurinn fundað reglulega síðan haustið 2015. Vinnuhópurinn skipa Þorgils Torfi Jónsson, Kristinn Guðnason og Magnús H. Jóhannsson frá Rangárþingi ytra, Anna G. Sverrisdóttir frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Ólafur A. Jónsson og Hákon Ásgeirsson frá Umhverfisstofnun, Ólafur Örn Haraldsson Ferðafélagi Íslands og Stefán Thors forsætisráðuneytinu. Með hópnum starfa Haraldur Birgir Haraldsson skipulags- og byggingarfulltrúi, Eiríkur Vilhelm Sigurðsson markaðs- og kynningarfulltrúi og Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri.

Samráð hefur verið haft við Skipulagsstofnun og aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins vegna lýsingar á skipulagsverkefni og um umfang og áherslur umhverfismats deiliskipulagsins, eins og lög um umhverfismat áætlaða gera ráð fyrir. Skipulagslýsing var auglýst á netinu og gerð aðgengileg íbúum. Samráð var haft við:

- Umhverfisstofnun.
- Minjastofnun Íslands.
- Samtök ferðaþjónustunnar.
- Forsætisráðuneytið.
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Vegagerðin.
- Ferðafélag Íslands.
- Fjallskilanefnd.
- Veðurstofa Íslands.
- Fiskistofa.
- RARIK.

Lýsing var auglýst í blöðum og gafst íbúum kostur á að kynna sér fyrirhugað deiliskipulag. Tillagan var kynnt á opnum íbúafundi þann 28. september 2016.

2.2 Áfangaskipting

Reiknað er með að svæðið verði byggt upp í þremur áföngum.

Áfangi 1: Aðstaða við Námskvísl: Þjónustuhús, ný snyrtiaðstaða fyrir laugargesti, nestisaðstaða og kynningar fyrir daggesti og annað göngufólk. Dagaðstaða landvarða sem sjá um eftirlit og upplýsingagjöf. Bílastæði fyrir 10 rútur og um 60 bíla hannað í miklu jafnvægi við náttúruna og jarðefni á svæðinu. Uppbygging rofvarna í tengslum við göngustíg meðfram akvegi frá syðri hluta Námshrauns og inn að áningarstað við Námskvísl. Göngustígur að Laugarsvæði og ný aðstaða við laug. Áframhaldandi ný gönguleið að skála FÍ. Uppbygging varnargarðs norðan Námshrauns úr jarðefnum á svæðinu í minnstu mögulegri hæð. Hæð og styrkur þannig prófaður. Göngustígur mótaður samtímis.

Áfangi 2: Aðstaða norðan Námshrauns. Tjaldsvæði, bílastæði og rútustæði. Gestastofa og snyrtingar. Landvarðaskálar og 5 gestaskálar. Manngerð laug og baðaðstaða. Skáli og aðstaða hálendisvaktar. Uppbyggður göngustígur frá manngerðri laug yfir Námshraunið tengist áningarstað við veg suður af Námshrauni. Á núverandi svæði Ferðafélags Íslands verður snyrtingahús rífið og byggð þess í stað viðbygging við gamla skálann sem hýsir snyrtingar og baðaðstöðu fyrir skálagesti innangengd úr skála og snyrtiaðstaða aðgengileg utan frá fyrir tjaldgesti. Áningarstaður verður mótaður með timburpalli umhverfis gamla skálann.

Áfangi 3: Hestagerði með skála fyrir starfsmenn, gestaskáli og hestaskýli.

Í viðauka II má sjá tímalínu framkvæmda.

3 DEILISKIPULAG

Deiliskipulag í Landmannalaugum byggir á þeirri hugmynd að endurheimta tilfinninguna fyrir ósnortnum víðernum hálendisins á svæðinu við Laugahraunið. Til að endurheimta náttúruupplifun ferðalanga eru öll mannvirki og bílaumferð skipulögð utan við hið eiginlega Laugasvæði við Laugahraunið. Dvöl í Landmannalaugum er náttúruupplifun við litadýrð fjallgarða, rennandi vatn og heitar uppsprettur þar sem ferðast er fótgangandi og dvalið á útvöldum stöðum. Ný gönguleið myndar samhangandi þráð sem nær frá móttökuhúsi á nýju tjaldsvæði norðan Námskrauns og allt suður að Grænagili. Gönguleið liggur meðfram áreyrum og inn að Laugahrauni vörðuð áningarstöðum með tilheyrandi byggingum, útsýnispöllum og/eða upplýsingaskiltum eftir því sem við á. Fyrsta varðan er nýtt móttökuhús við Sólvang, önnur varðan er ný laug við árbakkann, sú þriðja áningarstaður vestan Námskrauns, sú fjórða er þjónustusvæði við Námskvísl, fimmta varðan er náttúruleigin og að lokum sú sjötta sem er skáli Ferðafélags Íslands þaðan sem leið liggur, annarsvegar inn í Grænagil og hins vegar áfram svokallaðan Laugaveg.

Mikilvægt er að allt manngert umhverfi Landmannalauga sé samræmt og myndi þannig heildstætt svæði. Í deiliskipulagi eru sérstök áhersla lögð á að allar byggingar á svæðinu lúti sömu lögmálum. Formgerð þeirra og efnisval skal fella að náttúrulegu umhverfi og lúta lögmálum sjálfbærni sem frekast er kostur. Byggingar skulu staðsettar þannig á svæðinu að þær trufla útsýni sem minnst en myndi skjól fyrir veðri og vindum. Helstu áhersluatriði mannvirkja á svæðinu skulu vera látleysi, sveigjanleiki og umhverfisvernd. Samræmd formgerð og efnisval nýrra mannvirkja, sem og notkun staðlaðra eininga, myndar styrka heild og verður að auðþekkjanlegu kennileiti Landmannalauga.

Deiliskipulagið leggur áherslu á sjálfbærni þar sem mikill hluti núverandi þjónustu er færð af viðkvæmu svæði við Laugahraun með sitt sérstaka gróðurlendi. Deiliskipulagið fjallar um gönguleiðir, reiðleiðir, varnargarða/rofvarnir, aðkomu, bílastæði, tjaldsvæði og byggingareiti.

3.1 Byggingarskilmálar

Byggingareitir eru afmarkaðir við Námskvísl, við baðlaug, vestan við Námskraun, á aurum norðaustan Námskrauns og við núverandi skála Ferðafélags Íslands. Allir meginhlutar bygginga skulu vera innan byggingareits og þar með talinn tilheyrandi timburpallur.

Nýbyggingar inni á deiliskipulagssvæði Landmannalauga lúta ákveðnum skilyrðum til að tryggja heildrænt yfirbragð svæðisins og vistvænt gildi sem stuðlar að tillitssemi við viðkvæma náttúru svæðisins. Þetta á hvort sem er við um skýli eða lokuð hús. Öll mannvirki sem reist eru á svæðinu skulu vera einföld í samsetningu og auðveldlega afturkræf. Þau skulu byggð á timburpöllum sem standa á punkt undirstöðum/stöplum og samsett á staðnum af forsmíðuðum einingum. Sérstaklega skal gætt að umhverfi við framkvæmd og að framkvæmdarsvæði sé skýrt afmarkað og undir engum kringumstæðum sé náttúru raskað utan við framkvæmdarsvæði.

Byggingarefni skulu sótt í innlenda framleiðslu eins og frekast er kostur. Hver byggingareining er fyrst og fremst úr timbri og einangrun er steinull. Skýlisbyggingar eru óeinangraðar þar sem ómeðhöndlað timbur er aðalbyggingarefnið í misþéttri klæðningu. Byggingar munu falla vel að landinu þar sem veðrað timbur er utanhússklæðning bæði veggja og þaka en timbrið verður með tímanum nánast samlitt ljósu líparítinu. Gluggaop skulu falla á einfaldan hátt að byggingarlagi með földum timburkörmum.

Form bygginga og uppbygging á sér rætur í látleysi og léttleika tjaldbúða fyrri ára. Byggingar skulu vera einnar hæðar rishús með mænispaki nema annað sé tekið fram í skilmálum. Þau skulu snúa baki í helstu vindáttir á svæðinu og mynda skjólgóð útirými í sólarátt. Hámarksbreidd bygginga er fest í deiliskipulagi en lengd þeirra getur verið misjöfn eftir þörfum en þó innan marka heildarflatarmáls. Byggingar skulu hafa þakhalla sem tryggir að snjór og krapi liggi ekki á þökum til lengri tíma. Lokaðar byggingar skulu vera einnar hæðar með háreistu mænispaki 30° – 45° halli. Mögulegt er í einhverjum tilfellum að innrétta rishæð. Hæð bygginga skal þó taka mið af því að útsýni verði ekki takmarkað. Í skýlisbyggingum er leyfilegt að nota þakhalla niður í 20°.

Allur frágangur bygginga skal tryggja létt viðhald og úthald yfir vetrartíma. Nánari skilmálar varðandi byggingar eru í skilmálatöflu í viðauka 1.

3.1.1 Þjónustusvæði við Námskvísl (B og N).

Við Námskvísl er afmarkað þjónustusvæði og innan þess byggingareitur fyrir tvær byggingar. Báðar byggingarnar skulu byggðar með sama byggingarlagi og efnismeðferð. Önnur byggingin (N) er skýli fyrir áningahópa með nestisaðstöðu,

upplýsingamiðlun og dagaðstöðu fyrir landverði. Skýlið er undir hlíðum Suðurnáms til norðurs og það opnar sig til suðurs á móti útsýni. Skýli skal reist á stöplum og byggt úr timburklæddum einingum. Það er að hluta til lokað einnar hæðar bygging með mænispaki klæddu samskonar timbri og veggir og að hluta til opið skýli en undir þaki. Veggeiningar í samræmi við skýlisbyggingu skulu notaðar sem upphengi fyrir upplýsingatöflur. Dagaðstaða landvarða er lokað upphitað rými sem skal tengjast skýlisbyggingu eða snyrtingum/sturtuhúsi.

Hin byggingin (B) er snyrtingahús og sturtuaðstaða við Námskvísl. Snyrtingahús og sturtuaðstaða myndar hlið inn að laugarsvæðinu til suðurs. Með gegnumgangi í gegnum bygginguna er umferð í laugina stýranleg. Byggingarnar skulu reistar á timburpalli sem tengir byggingarnar saman og stýrir umferð um svæðið. Pallurinn skal mótaður í samhengi við landslag svæðisins og færslu Námskvíslarinnar. Hann tekur við af stétt við bílastæði og skal trappa sig niður að kvíslinni og tengjast brú yfir hana.

Innan þjónustusvæðisins er gert ráð fyrir brú á akfærum göngustíg (sjá kafla 3.3.1).

Heildar byggingarmagn 440 m².




Mynd 3. Sýnir dæmi um útfærslu á torgi, skýli og snyrtingum.

3.1.2 Skýli við laug í Landmannalaugum (D)

Við baðlaugina er gert ráð fyrir skýli sem rúmar þurrkaðstöðu og stýrir aðgengi ofan í laugina. Skýli veitir skjól fyrir helstu vindáttinni og frá göngustígnum en opnar sig út að laug. Það skal lúta sömu ákvæðum um byggingarlag, útlit og efnismeðferð og skýli við Námskvísl og er byggt úr timbureiningum með einhalla þaki. Timburpallur við laug skal byggður af mikilli varfærni bæði gagnvart gróðri og laugargrunni.

Heildar byggingarmagn 25 m².



Mynd 4. Skurðmynd af skýli við laugina.

3.1.3 Skýli við áningastað vestan við Námshraun

Yfirbyggt skýli í tengslum við áningastaðinn þar sem hægt er að snæða nesti. Það er byggt úr timbureiningum og með einhalla þaki með samhangandi timburpalli sem tengist göngustíg.

3.1.4 Skáli Ferðafélags Ísland

Samfara uppbyggingu nýs tjaldsvæðis og gistiaðstöðu norðan við Námshraun verða gerðar breytingar á aðstöðu við skála Ferðafélags Íslands en skálinn er í dag um 242 m². Tjaldgisting á svæðinu verður takmörkuð og snyrtingahús fjarlægð. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir viðbyggingu fyrir snyrtiaðstöðu tengda skálanum að hámarki 60 m². Byggingarefni og byggingarlag skal falla vel að umhverfi og núverandi húsi og eins og aðrar nýjar byggingar á svæðinu vera endingargóð og viðhaldslítill og auðveldlega afturkræf. Gert er ráð fyrir nýjum timburpalli umhverfis skála FÍ þar sem gönguhópar geta safnast saman og snætt nesti.

Í skála Ferðafélags Íslands er gistiþláss fyrir 78 gesti.

Heildar byggingarmagn 302 m².

3.1.5 Tjaldsvæði við skála Ferðafélags Íslands

Við skála FÍ er gert ráð fyrir afmörkuðu tjaldsvæði fyrir gönguhópa þó aldrei fyrir fleiri en 30 hefðbundin viðlegutjöld, stærð þess svæðis er 1500 m². Um er að ræða víkjandi landnotkun þar sem stefnan er að tjaldsvæði verði við Námshraun.

Öll önnur mannvirki en skáli Ferðafélags Íslands skulu fjarlægð af svæðinu við Laugahraun þ.e. hreinlætisaðstaða, hesthús, starfsmannahús, aðstaða hálendisvaktar, hestaleigu sem og önnur tímabundin aðstaða.




Mynd 5. Dæmi um skýli við laug og horft að skála Ferðafélags Íslands þegar búið er að fjarlægja önnur mannvirki.

3.1.6 Móttökuhús/gestastofa norðan við Námskraun (M)

Móttökuhús í Landmannalaugum skal þjóna öllum gestum friðlandsins. Það er staðsett á uppbyggðum bakka við Jökulgilskvíslina. Snýr baki í helstu vindátt og mótast skjólgott útverusvæði móti sól. Móttökuhúsið inniheldur veitingasal, eldhús, snyrtingar, upplýsingaþjónustu, verslun með minniháttar viðlegubúnaði, fræðslu- og kynningasal, dagaðstöðu fyrir landverði og rannsóknaraðila og kaffistofu/hvíldarrými. Móttökuhúsið mun sinna bæði gestum sem og rannsóknaraðilum og starfsmönnum friðlandsins. Byggingin skal lúta sömu ákvæðum um byggingarlag, útlit og efnismeðferð og aðrar byggingar á svæðinu og skal vera endingargóð og viðhaldslítill og þola mikið álag af umgengni í öllum veðrum. Móttökuhús skal byggt á stöplum og úr einingum klæddum timbri. Einnar hæðar hús með mögulegu rislofti undir mænisþaki klæddu samskonar timbri og veggir. Innan byggingareitsins, sambyggt eða aðskilið móttökuhúsi, er gert ráð fyrir yfirbyggðu skýli með aðstöðu til viðgerða á reiðhjólum og búnaði.

Móttökuhúsið þarf að geta tekið á móti fjölda gesta í hópum því skal húsið tengt stórum útivistarpalli þar sem hópar geta einnig safnast saman og dvalið. Pallurinn skal vera uppbyggður timburpallur á stöplum byggður úr sama efni og gólf byggingarinnar og tengist því byggingunni á eðlilegan hátt. Pallurinn stendur á krossgötum stíga frá tjaldsvæði og bílastæði.

Heildar byggingarmagn 338 m².




Mynd 6. Skurðmynd sem sýnir byggingar fyrir Gestastofu við Námskraun.

3.1.7 Gestaskálar við Námshraun 6 stk. (G)

Skálar reistir á stöplum og byggðir úr samskonar einingum og aðrar byggingar á staðnum þar sem timbur er aðal byggingarefnið. Einnar hæðar hús með mögulegu rislofti undir mænispaki klæddu samskonar timbri og veggir. Svefnaðstaða fyrir 16-20 manns í hverjum skála, snyrting, eldunaraðstaða og setustofa. Hámarks gistiþláss verður þá fyrir 120 manns.

Heildar byggingarmagn 510 m².



Mynd 7. Skurðmynd sem sýnir gestaskála.

3.1.8 Starfsmannaskáli 4 stk (S).

Samsvarandi skáli og gestaskálar skal byggja með sama byggingarlagi og úr samskonar byggingarefnum. Hver skáli skal rúma 4-10 manns annað hvort með einstaklingsherbergum eða með svefnaðstöðu. Í skálunum er snyrting, eldunaraðstaða og setustofa. Einn skáli skal hafa hvíldarherbergi fyrir rútubílstjóra og annar með hjúkrunarrými. Reiknað er með svefnaðstöðu fyrir samtals 28 starfsmenn. Þessir skálar eru eingöngu ætlaðir fyrir starfsfólk.

Heildar byggingarmagn 340 m².

3.1.9 Þjónustuhús með baðaðstöðu við manngerða laug (Þ)

Þjónustuhús skal hafa sama byggingarlag og skálar á svæðinu og sömu efnismeðferð. Húsið inniheldur aðstöðu sem tengist manngerðri laug og þjónar sömuleiðis tjaldsvæðinu. Lokuð bygging með fatageymslu, sturtum og þurrksvæði annarsvegar og svo snyrtingum og opnu skýli fyrir uppvaskefni sem tengist tjaldsvæði.

Heildar byggingarmagn 200 m².



Mynd 8. Dæmi um útlit þjónustuhúss og manngerða laug.

3.1.10 Tjaldsvæði við Námskraun (T)

Tjaldsvæði fyrir a.m.k. 150 tjöld og 50 húsbíla. Á deiliskipulagsupprætti eru afmarkaðir tveir reitir annar fyrir húsbíla og hinn fyrir tjöld. Heildarstærð tjaldstæðis er afmarkað á 1,6 ha svæði. Innan svæðisins eru tvær byggingar sem eru þjónustuskálar á tjaldsvæði. Byggingarnar skulu byggðar með sama hætti að aðrar skýlisbyggingar á svæðinu en með tvíhalla þaki, lokaðar snyrtingar og opið skýli fyrir uppvas.

Heildar byggingarmagn 150 m².

3.1.11 Hestagerði og hestaskýli (D).

Byggingar með aðstöðu fyrir hestamenn skulu byggðar með sömu áherslum, formi og efnismeðferð og aðrar byggingar á svæðinu. Hestagerði fyrir um 30 hross og skýli fyrir reiðtygi og hlífðarfatnað er úthlutað reit nyrst á deiliskipulagssvæðinu. Gistiaðstaða fyrir starfsmenn hestaleigu skal vera á sama svæði og önnur starfsmannagisting.

Heildar byggingarmagn 25 m².

3.1.12 Upplýsingamiðlun á skiltum.

Upplýsingaspjöld verða á timburveggjum við skýli við Námskraun og við Námskvísl. Veggeiningar í samræmi við skýlisbyggingu skulu notaðar sem upphengi fyrir upplýsingatöflur. Ekki er gert ráð fyrir öðrum skiltum nema stíga-, vega- og öryggismerkingum.

3.2 Umferð og bílastæði


Aðkoma að Landmannalaugum (F224) er sýnd á deiliskipulagsupprætti en vegurinn liggur af Fjallabaksleið nyrðri (F208). Gatnamót þessara vega verða færð lítillega til austurs með því er fengin betri opnun inn Landmannalaugar og öruggari gatnamót. Akvegir og bílastæði skulu að fremsta megni falla inn í náttúruna og líti hennar.

Innan deiliskipulagsins er ekki gert ráð fyrir lendingaraðstöðu fyrir þylur nema til neyðarlendingar.

3.2.1 Bílastæði við Námskvísl

Öll almenn umferð bíla endar við bílastæði norðan Námskvíslar en stefna ber að því að draga úr bílastæðum við Námskvísl. Í fyrstu eiga bílastæði við Námskvísl að þjóna daggestum en hanna þarf stæðin þannig að auðvelt er að gera hluta þess afturkræfan. Eftir uppbyggingu við Námskraun verður hægt að draga úr umferð ökutækja inn fyrir Námskraun.

Á svæðinu er gert ráð fyrir bílastæði fyrir 10 rútur og 60 bíla. Bílastæði skal hannað í jafnvægi við náttúruna og jarðefni á svæðinu. Bílastæði verða mótuð í samhengi með göngustígnum sem liggja meðfram Jökulgilskvíslinni, til þess að draga úr sýnileika bílastæðis skal gera mön/ eða lágan vegg sem jafnframt er hluti af rofvörn, sjá mynd 9.



Mynd 9. Snið sem sýnir bílastæði, göngustíg og rofvörn.

3.2.2 Bílastæði við áningarstað vestan Námskrauns

Gert er ráð fyrir bílastæði fyrir 10 bíla við áningarstað vestan við Námskraun. Hönnun bílastæða og efnismeðferð skal miða að því að fella bílastæðin sem best að umhverfinu. Leitast skal við að nota efni og uppgröft af staðnum eins og kostur er.

3.2.3 Bílastæði við Námskraun

Á svæðinu verður gert ráð fyrir bílastæðum fyrir rúmlega 150 bíla og 20 rútur. Hönnun bílastæða og efnismeðferð skal miða að því að fella bílastæðin sem best að umhverfinu. Leitast skal við að nota efni og uppgröft af staðnum eins og kostur er.

3.2.4 Þjónustuplan við skála Ferðafélags Íslands


Við skála Ferðafélags Íslands er afmarkað svæði sem er þjónustuplan fyrir skálann svo hægt sé að koma með aðföng og birgðir í skálann eins er þetta aðkoma fyrir hreyfihamlaða.

3.3 Gönguleiðir

Megin gönguleiðin liggur frá móttökuhúsinu við Námskraun, meðfram Jökulgilskvísl og allt að skála Ferðafélagsins sem er hin hefðbundni upphafsstaður gönguleiðar eftir Laugaveginum. Með samhangandi gönguleið og vörðum sem allar hafa sambærilegt yfirbragð sem einkenna svæðið myndar svæðið allt frá svæðinu við Námskraun og að Laugahrauni eina heild.

3.3.1 Akfær göngustígur

Akfær uppbyggður göngustígur liggur frá Námskvísl að skála Ferðafélags Íslands, sem er framhald að megin gönguleið. Stígurinn er akfær en er eingöngu ætlaður fyrir aðkomu hreyfihamlaðra, þjónustu við skála Ferðafélags Íslands og fyrir neyðarakstur. Gert er ráð fyrir 4 m breiðum stíg sem verður lagður eftir rofvörn.



Mynd 10. Akfær göngustígur á rofvörn.

3.3.2 Göngustígar

Stígakerfi skal vanda í hvívetna og stefna á að aðlaga það staðháttum á hverjum stað þannig að hönnun stíga verði mismunandi eftir því hvort þeir liggja í gegnum hraun, í votlendi eða meðfram vegslóða. Með góðum leiðamerkjum og öðrum merkingum skal stuðla að nærgætinni umgengni við náttúruna. Sama náttúrutilit skal sýna í uppbyggingu akvega.

Í hönnun skal skoða að halda breidd í lágmarki og þess í stað gera ráð fyrir útskotum þar sem auðvelt er að mætast. Ekki er leyfð hjólandi umferð í gengum hraunið.

Almenn sjónarmið við byggingu stíga er að:

- Tryggja sem best öryggi göngufólks.
- Sem minnst spjöll verði á gróðri og jarðmyndunum.
- Stígar fari vel í landi og verði aðstandendum til sóma.
- Notað verði efni á staðnum eftir því sem unnt er.
- Viðhald verði sem minnst.

Stígar skulu vera allt að 4 m breiðir.

3.3.3 Fljótandi göngustígar

Þar sem land er viðkvæmt svo sem þar sem er votlendi, viðkvæmur gróður eða hraun skal byggja fljótandi göngustíga. Stígarnar geta verið úr timbri, plastgrindum eða öðru sambærilegu efni.

Gert er ráð fyrir fljótandi timburstíg frá Þjónustuhúsi við Námskvísl að lauginni og skála Ferðafélagsins. Gera skal ráð fyrir útskotum á stíg þ.a. auðvelt sé fyrir hóp að stoppa og eða mætast. Allsstaðar þar sem stígur liggur í gegnum viðkvæm náttúrusvæði s.s. hraun og votlendi er áriðandi að raska landi sem minnst.

3.3.4 Gönguslóðar

Inn á skipulagið eru merktir gönguslóðar, þetta eru ekki endilega ofaní bornar gönguleiðir, heldur merktar leiðir.

3.4 Hjólaleið

Gert er ráð fyrir hjólaleiðum eftir akvegum þar sem því verður við komið og eftir göngustígum.


3.5 Reiðleið

Gert er ráð fyrir reiðleið sem liggur meðfram Fjallabaksleið nyrðri. Reiðleiðin er svo eftir árfarvegi Jökulgilskvíslarinnar inn í Landmannalaugar.

3.6 Varnargarður og rofvarnir

Núverandi varnargarðar í Landmannalaugum hafa verið byggðir að mestu úr efni úr Jökulgilskvíslinni og gamalli námu inn í Landmannalaugum sem búið er að loka. Í mótun nýs tjaldsvæðis og þjónustusvæðis norðan Námskraunið og við Námskvísl verða nýir varnargarður byggðir upp. Lögð er áhersla að þeir verði eins og kostur er byggðir úr efnivið af staðnum til þess að ekki þurfi að flytja efni um langan veg og að mannvirkin falli að litum svæðisins. Gert er ráð fyrir því að stórgrýti í rofvörn verði sótt í námu í Sigöldu en fyllingarefni verði úr aukum Jökulgilskvíslar. Reiknað með að heildar efnismagn í rofvarnir verði um 9.500 m³ þar af um helmingur stórgrýti. Þetta skal gera í góðu samráði við Umhverfisstofnun og alls ekki á að verða sýnilegt rask eða þessi uppbygging hafi neikvæð áhrif á svæðið.

Við hönnun varnargarða skal hæð og lögun miða að því að mannvirkin hindri ekki útsýni og upplifun staðarins. Hámarks halli á rofvörn er 1:3 þar sem rofvörn mætir núverandi landi. Forðast skal skörp skil milli varnarmannvirkis og óhreyft lands.



Mynd 11. Vegur meðfram Suðurnámi.

Núverandi varnargarður í Landmannalaugum verður endurmótaður og aðlagður að landslagi og náttúru. Endanleg hæð varnarmannvirkja skal vinna í samráði við fagaðila svo sem Veðurstofu Íslands, Landgræðslu ríkisins og Vegagerðina.

3.7 Rafmagn

Reiknað er með að rafmagn verði fengið með því að tengjast Sigöldu en fjarlægð að Sigölduvirkjun er u.þ.b. 20 km. Einnig hefur verið skoðað að tengjast Snjóöldu en þangað er um 12 km en þvera þarf Tungrá til að tengjast Snjóöldu sem gerir þann kost síðri. Þetta hefur verið og verður áfram unnið í samráði við Landsvirkjun.

Í vinningstillögu hugmyndasamkeppni um deiliskipulag og hönnun Landmannalauga var gert ráð fyrir vatnsaflsvirkjun í Námskvísl en eftir nánari skoðun er það ekki mögulegt þar sem kvíslin er mjög breytileg og þyrfti því að gera uppistöðulón. Einnig var skoðaður möguleiki á að nota heitt vatn til rafmagnsframleiðslu en við nánari skoðun virðist sá kostur ekki vera hagkvæmur.

Á deiliskipulagsupprætti er afmarkað svæði meðfram vegum sem er meðal annars ætlað fyrir lagnir en vanda þarf allan frágang lagnaleiða.

3.8 Vatnslagnir og vatnsból

Í dag er heitt og kalt vatn inn í Landmannalaugum. Gert er ráð fyrir að nýtt þjónustusvæði fái vatn það en annar möguleiki er að vatn kalt vatn verði lagt frá kaldri uppsprettu sem er austan megin við Jökulkvíslina. Vanda þarf allan frágang lagnaleiða en meðfram vegum er afmarkað svæði fyrir lagnir.

3.9 Frárennsli og fráveita

Fráveitumálum verður þannig háttað að það verður lokað rotþró eða annað sambærilegt og efni verður keyrt af svæðinu. Frágangur og gerð rotþróa og frárennislagna skal vera í samráði við heilbrigðiseftirlit Suðurlands og fara skv. ákvæðum reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og leiðbeiningum sem við eiga. Grávatn (sturtuvatn) skal vera aðskilið frá rotþró og fer í grófan grjótsvelg. Frárennsli regnvatns er opið á öllu svæðinu í afmörkuðum línunum. Þar með er unnið með þau náttúrulegu einkenni sem Jökulgilskvíslin gefur svæðinu.

Gert er ráð fyrir þremur rotþróum þ.e. núverandi rotþró við Skála Flá, rotþró við Námskvísl og rotþró norðan við Námskraun.

4 FORSENDUR

4.1 Fyrirliggjandi stefna og aðrar áætlanir.

4.1.1 Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna 2015 – 2026 var samþykkt á Alþingi 16. mars 2016 en hún felur í sér stefnu um fjögur viðfangsefni þ.e. skipulag í dreifbýli, búsetumynstur og dreifingu byggðar, skipulag á haf- og strandsvæðum og skipulag á miðhálandi Íslands.


Á miðhálandi Íslands leggur Landsskipulagsstefnan upp með að uppbygging á ferðamannaaðstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálendisins. Í Landsskipulagsstefnunni eru Landmannalaugar skilgreindar sem skálasvæði en skálasvæði eru á tilteknum stöðum í góðu vegasambandi. Enn fremur segir að við skipulagsgerð verði stuðlað að því að ferðafólki um miðhálandið standi til boða viðeigandi mannvirki og þjónusta og að ferðafólk dreifist þannig að álag á náttúru sé í samræmi við þol hennar.

Í Landsskipulagi segir enn fremur um skipulag með tilliti til náttúruvár á miðhálandi Íslands að við ákvarðanir um mannvirkjagerð á miðhálandinu verði tekið tillit til hættu sem talin er stafa af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum.

4.1.2 Rammaskipulag suðurhálendis

Sveitarfélögin Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Skaftárhreppur hafa unnið sameiginlegt rammaskipulag fyrir suðurhálendið. Um er að ræða samræmda stefnumörkun í skipulags- og byggingarmálum á suðurhálendinu sem tekur einkum til ferðaþjónustu og samgangna. Með rammaskipulaginu er mörkuð langtíma stefna í nýtingu lands og auðlinda í sátt við náttúruna. Leiðarljós rammaskipulagsins er að bæta þjónustu við ferðamenn en einnig að tryggja að viðkvæm náttúra beri ekki skaða af og að tekjur starfseminnar skili sér á svæðinu. Um Landmannalaugar segir að „á staðnum er gistiskáli, þjónustuhús

og hús fyrir landverði. Gert er ráð fyrir að meginþjónusta fyrir Landmannalaugasvæðið færist niður að vegamótum við Fjallabaksleiðar nyrðri og Landmannalauga.



Mynd 12. Rammaskipulag suðurlandis (Steinsholt sf. 2013).

Með þessari áætlun var mörkuð sú stefna að flytja alla meginþjónustu úr Landmannalaugum og nær vegamótum við Fjallabaksleið nyrðri. Þar voru metnir þrír valkostir fyrir Landmannalaugar. Valkostur A að byggð verði upp aðstaða á Laugasvæðinu sem getur a.m.k. sinnt núverandi fjölda ferðamanna. Jafnframt var gert ráð fyrir að ferðamönnum myndi fjölga og þungmiðja þjónustunnar myndi færist að syðri hluta svæðisins. Valkostur B að dregið yrði verulega úr þjónustu á núverandi svæði þar sem á Laugasvæðinu yrði aðstaða fyrir dagsgesti en meginþjónustan yrði við gangmót inn í Laugar. Valkostur C að dregið yrði verulega úr núverandi þjónustu í Laugum og meginhluti þjónustu myndi flytjast annaðhvort á önnur þjónustusvæði eða til byggða. Þó væri gert ráð fyrir öflugri þjónustu við daggesti og jafnvel mjög takmarkaðri tjaldgistingu.

Niðurstaða matsins var sú að kostur B væri sá valkostur sem væri heppilegastur. Hann byði upp á stækkun á þjónustu og starfsemi tengdri svæðinu. Með vandaðri hönnun myndi uppbygging ekki hafa veruleg sjónræn áhrif á Landmannalaugar eða aðkomu að þeim (Steinsholt, 2013).

Því eru í þessu deiliskipulag ekki skoðaðir eða metnir valkosti fyrir uppbyggingu þjónustusvæðis í Landmannalaugum en hugmyndasamkeppni um deiliskipulag og hönnun Landmannalauga byggir einmitt á Rammaskipulagi Suðurlandis en eins og áður hefur komið fram var sú samkeppni undanfari þessa deiliskipulags.

4.1.3 Aðalskipulag Rangárbings ytra 2010-2022

Í Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2010-2022, sjá mynd 13 eru Landmannalaugar skilgreindar sem verslunar- og þjónustusvæði. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að draga úr álagi af völdum ferðamanna í Landmannalaugum samhliða því að efla þjónustu við ferðafólk á svæðinu. Þá er gert ráð fyrir því að færa þjónustuna til í samráði við hagsmunaaðila.



Mynd 13. Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022, afreitur.

4.1.4 Verndaráætlun Friðlands að Fjallabaki

Verndaráætlun Friðlands að Fjallabaki er í vinnslu.

4.2 Staðhættir og umhverfisaðstæður

4.2.1 Núverandi aðstaða / landnotkun

Landmannalaugar hafa verið vinsæll áningastaður ferðamanna á Hálandi Íslands um nokkurt skeið. Fyrsta sæluhús Ferðafélags Íslands var reist þar árið 1951. Fjöldun ferðamanna hefur verið mikil á síðustu árum en ég í gegnum tíðina hefur verið farið yfir þolmörk innviða og náttúru. Í Landmannalaugum ósamstæð mannvirki, tjöld og bílastæði með bæði einkabílum og rútum þannig að ásynd staðarins hefur breyst verulega. Afleiðingin af þessari uppbyggingu og hve margir koma þar, er hins vegar að svæðið höfðar ekki lengur til þeirra ferðamanna sem mestar kröfur gera til gæða umhverfisins og víðerna (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Gyða Þórhallsdóttir, 2013). Þessir ferðamenn heimsækja ekki lengur Landmannalaugar vegna fjöldans og umfangs ferðamennsku þar og fara frekar annað. Þessi hópur sem eru kallaðir „náttúrusinnar“ leggur áherslu á að geta í ferðalögum sínum gengið um lítt eða óraskaða náttúru án þess að rekast á mannvirki eða marga ferðamenn. Um þriðjungi af þeim gestum sem eru í Landmannalaugum finnst of margir ferðamenn á svæðinu og hlutfall gesta sem eru á þessari skoðun hefur aukist um 8% á um áratug (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Gyða Þórhallsdóttir, 2013).



Mynd 14. Myndir teknar af tjaldsvæðinu í Landmannalaugum sumarið 2014.

Landmannalaugar eru á Rauða lista Umhverfisstofnunar (Umhverfisstofnun 2014b). Þar eru svæði flokkuð á rauðan lista ef stofnunin metur að þau séu undir miklu álagi sem bregðast þyrfti við strax. Greining Umhverfisstofnunar er byggð á breiðu almennu mati en ekki á beinum rannsóknum en Friðland að Fjallabaki hefur ratað á rauða listann árin 2010, 2012 og 2014. Í skýrslunni kemur fram að Landmannalaugar séu að öllum líkindum viðkvæmasta svæðið innan friðlandsins og mest farið að láta á sjá. Helstu ógnir eru taldar mikið álag af völdum ferðamanna, sér í lagi í Landmannalaugum. Þá eru gerðar athugasemdir við fjölgun mannvirkja þar sem ekki sé gætt að útliti og sagt að skipulagsleysi ríki í Landmannalaugum.



Mynd 15. Myndir teknar í Landmannalaugum sumarið 2014 og 2016 á myndinni efst til vinstri má sjá að bílum er lagt meðfram vegi þar sem núverandi bílastæði eru ekki nægilega mörg, þennan dag voru um 200 einkabílar í Landmannalaugum.

Fyrir utan að finnast ferðamenn vera of margir eru flestir gesta Landmannalauga mjög ánægðir með dvöl sína. Þrátt fyrir allt eru Landmannalaugar samt tákngervingur víðernis í hugum flestra sem þangað koma og þeir upplifa svæðið sem slíkt. Það bendir til að þolmörkum sumra ferðamanna hafi verið náð en ekki annarra (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Gyða Þórhallsdóttir, 2013).

4.3 Verndarsvæði

4.3.1 Friðlýst svæði

Friðland að	Svæðið var friðlýst skv. náttúruverndarlögum árið 1979. Það er allt ofan 500 m hæðar yfir sjó. Svæðið
-------------	---

Fjallabaki	afmarkast með beinum sjónlínunum og er „úr Hábarmi, hæsta tindir Torfajökuls, í Háskerðing, í Laufafell, í tind í Rauðafossafjöllum 1205 m á hæð á korti Herforingjaráðsins frá 1969. Þaðan í Hrafnabjörg (tind 895 m) og áfram eftir háhrygg bjarganna. Úr norðaustanöxl bjarganna í hábungu Stóra-Melfells (Auglýsing um friðland að Fjallabaki nr. 354/1979). Tilgangur friðlýsingar er að varðveita sérstök landsvæði þannig að komandi kynslóðir hafi tækifæri til að njóta þeirra á sama hátt og við gerum. Til þess að svo geti orðið gilda ákveðnar reglur um umgengni til að hindra spjöll á náttúru eða röskun á svip landsins. Fjölbreytt landslag, sérstakt en viðkvæmt lífríki, öræfaauðn og kyrrð eru megineinkenni Friðlands að Fjallabaki. Landið er fjöllótt og mótað af eldvirkni, og jarðhita. Litadýrð er mikil, m.a. fyrir líparít og hrafnitinnu í fjöllum. Hraun, ár og vötn setja líka svip á landslagið. (Auglýsing um friðland að Fjallabaki nr. 354/1979). Frá árinu 2012 hefur verið unnið að gerð verndaráætlunar fyrir Friðlandið (Umhverfisstofnun 2013)
------------	---

4.3.2 Hverfisvernd vegna fornminja

Landmannalaugar RA683:011-014, 020	Heimild um náttstað, þar sem Laugamenn reistu tjöld sín á Laugarbakkanum. Sæluhús, kringlóttur kofi úr grjóti lagður þökum að utan. Leystur af hólmi af sæluhúsi 1905. Rústir af sæluhúsi, sem byggt var um síðustu aldamót, er í hraunjaðrinum en það sligaðist af snjó- þyngslum. Það var endurbeytt 1927 á hærri og snjóléttari stað. Heimild um rétt, sem féð var geymt í á nóttum. Fornar byggingarleifar við hraunröndina, skammt frá litla kofanum og lítur út fyrir að þar hafi verið fjárréttir.
Landmannahellir RA683:005-010, 015	Hellir sunnan í litlu felli í Hellisfjalli. Fyrir munna hans rennur Helliskvísl. Hellirinn tekur um 70 hesta. Heimild um náttstað, þar sem tjöld voru reist á bakka Helliskvíslar. Heimild um sæluhús skammt vestur frá hellinum, byggt fyrir almannafé 1907. Heimild um hlóðir í Landmannahelli. Eftir fjárfellinn mikla 1882 var hlaðin rétt sunnan í Hellisfjalli. Smáskútar í Hellisfjalli þar sem menn geymdu heypoka sína þegar farið var frá Landmannahelli. Heimild um rétt. Frá ómunatíð voru fjárbyrgi Hellismanna suður í Sauðleysum, um hálf tíma ferð frá Landmannahelli.

4.4 Jarðfræði

Landmannalaugar eru merkilegt hraunasvæði á heimsmaelivarða þar sem eldvirkni basískrar gosreinar teygir sig inn í eldstöðvakerfi með súrri hraunkviku og veldur því að til hafa orðið hraun blönduð af súrri og basískri kviku.


4.4.1 Jarðhiti

Nyrst á Torfajökulssvæðinu er jarðhitasvæðið við Landmannalaugar. Laugarar, ásamt Laugahrauni, Brennisteinsöldu og Bláhnúki eru um miðbik svæðisins. Vestan Laugahrauns fellur Námskvísl úr Vondugiljum en austan við Bláhnúk tekur við Brandsgil og austur klasi líparítfella. Nyrst þeirra er Kjaftalda eða Reykjakollur. Austur frá Landmannalaugum er Jökulgil og eftir því fellur Jökulgiskvísl um ljósgrýtiseygar.

Jarðhitasvæðið við Landmannalaugar er við norðurjaðar Torfajökulsöskjunnar. Líparíthraunið Laugahraun myndaðist samtímis Vatnaöldum og Námshrauni árið 1477. Bláhnúkur er líparítgúll frá síðasta jökulskeiði. Suðurnámur og Norðurbarmur eru ummyndað fornt líparít og liggja utan öskjunnar. Mestur hluti berggrunnins tilheyrir að öðru leyti elstu myndunum innan öskjunnar, sem er að mestu ummyndað líparít af ýmsum uppruna.

Mest hveravirkni á svæðinu er við Brennisteinsöldu og suður af henni. Jarðhitinn er einkar fjölbreyttur, sjóðandi vatnshverir og soðpönnur, soðstampar og gufuhverir, kolsýruhverir og laugar, leirhverir og leirugir vatnshverir. Vatnsmiklar laugar einkenna Landmannalaugar ásamt hveramýri með kolsýrulaugum. Vatnið er líklega blanda djúpvatns og gufuhitaðs grunnvatns.

Við Landmannalaugar eru kolsýruhverir og -laugar eða djúpvatnsblandaðar laugar, hveraörverur og varmár.



Mynd 16. Jarðfræðikort (Ní).

4.5 Gróðurfur

Náttúrufræðistofnun Íslands gerði gróður rannsókn á deiliskipulagssvæðinu sumarið 2014. Niðurstaða þeirrar rannsóknar er að gróðurfarslega skiptist svæðið þannig að;


gróið land, þ.e. >10% gróið, er 54%

lítt eða ógróið land er 46%.

Útbreiddasta gróðursamfélagið er moslendi eða 78% af grónu landi. Önnur gróðursamfélög sem koma fyrir eru mólendi (9%), votlendi (7%), gras- og blómlendi (5%) og ræktað land (1%). Af lítt eða ógrónu landi eru náttúrulegar landgerðir 86%, vatn 7% og manngerðar landgerðir 6%. Gróðurfur á rannsóknarsvæðinu er nokkuð sambærilegt því sem gengur og gerist á þessum hluta miðhálandisins. Eins og víða annars staðar á Landmannaleið nyrðri er moslendi algengasta gróðursamfélagið, mosagróður (58%) og hélumosagróður (20%). Mólendi er að finna í fjallshlíðinni sunnan við Námshraun, aðallega lyngmói (4%). Votlendi er talsvert, einkum mýrlendi í kringum Laugar (4%) og deiglendi (2%) þar sem eyrar eru að gróa upp (1. tafla, gróðurkort). Graslendi finnst á nokkrum stöðum; í hlíðum norðan við Laugar og á flatlendi við Laugar og í Norðurnámshrauni. Ræktað land kemur fyrir í formi uppgræðslu á eyrunum (sjá mynd 8, gróðurkort).



Mynd 17. Myndir sem sýna ýmis gróðurlendi í Landmannalaugum (Guðjón Guðmundsson).



Gróðurkort af Landmannalaugum (Ní, 2014).

4.6 Fuglar

Fuglalíf hefur verið kannað ítarlega í Landmannalaugum og er það fjölbreytt, m.a. er þar nokkuð um votlendisfugla, (Ásrún Elmarsdóttir ofl. 2009). Má gera ráð fyrir að tegundalistinn fyrir svæðið í heild sé tæmandi en alls er talið að 18 tegundir fugla verpi þar og í nágrenni. Nokkrar tegundir sem eru afar strjálur í hálendinu, t.d. stelkur og hrossagaukur. Óðinshani verpir

óvenjubétt við hveralækina í Landmannalaugum og eins verpa þar straumendur. Ýmsar aðrir andfuglar verpa í Kýlingum: álf, heiðagæs, stokkönd, urtönd, hávella og sennilega duggönd.


Þrjár tegundir eru á valista. Nokkur pör straumandar verpa á svæðinu, rjúpa og hrafn hefur orpið á einum stað svo vitað sé (Norðurnámur við Landmannalaugar NI).

4.7 Fornleifar

Landmannalaugar er einn aðaláningarstaður fjallamanna við leitir og er töluvert um minjar eftir þá. Annars vegar eru það réttir sem féð var geymt í en réttirnar voru hlaðnar úr hraungrjóti við hraunkantinn og mun eitt fyrsta verk fjallamanna að hausti hafa verið að hressa þær við með því að laga hrun úr veggjum. Hinsvegar eru það sæluhús eða sælukofar sem fjallamenn hafa reist sér. Elsti sjáanlegi sælukofinn sem við höfum heimildir um er enn uppistandandi (nr. 823) byggður 1850 af Gunnari Árnasyni frá Galtalæk, síðar Hvammi. Hann er borghlaðinn og tók á sínum tíma þrjá menn. Árið 1905 var byggt annað sæluhús en það brotnaði fljótlega undan snjófargi. Húsið var svo endurbyggt 1907 en allt fór á sama veg. Árið 1927 var næsta sæluhús byggt. Það var með svefnpalli yfir hesthúsi og þótti nokkuð rúmgott. Pálmi Hannesson segir frá því að fyrir ofan gamla sæluhúsið, líklega ofan á hraunbrúninni, sé há varða. Hún fannst ekki á vettvangi.

Nr.	Hlutverk	Lýsing
590	Rétt	Um 9,6 metra löng og um 7,7 metra breið. Hún liggur NV-SA með op í NV.
591	Rétt	Virtist hafa verið tvískipt, um 9,2 metra löng og um 4,6 metra breið.
592	Rétt	Stærsta réttin, er um 19 m vestnorðvestar. Hún er 20,6 m x 7,7 m að stærð. Hlaðinn veggur liggur utan í klettinum og myndar þannig SV-hliðina.
593	Sæluhús	Sæluhúsið var byggt 1927 og hefur verið vel haldið við og er í ágætu ástandi uppi á hraunbrúninni. Það er um 6,8 metra langt og um 6,2 metra breitt.
594	Sæluhús	Tóftir sæluhúsins sem var byggt 1905. Í dag standa eftir grasi grónir veggir og er tóftin um 6,7 metra löng og um 5,2 metra breið. Inngangur hefur mögulega verið á NA-hlið (undan brattanum).
823	Sækofi	Borghlaðni sælukofinn.

Þessar minjar í Landmannalaugum eru dæmi um minjar tengdar nýtingu manna á afrétt og smölun á 19. og 20. öld. Minjarnar sem skráðar voru eru að öllum líkindum innan við 200 ára gamlar en líklegt verður að teljast að staðurinn hafi þjónað sem áfangastaður og aðsetur gagnaþinga og ferðalanga í mun lengri tíma. Saman mynda minjarnar góða heilstæða heild sem einnig er mikilvægur hluti af mun stærri minjaheild, þ.e. Landmannaafrétt. Út frá fornleifafræðilegu sjónarhorni er ekki hægt að segja að minjarnar hafi sterkt rannsóknargildi fyrir utan þær upplýsingar sem yfirborðsrannsóknir gefa okkur. Þessar minjar hafa fyrst og fremst heimildar- og upplifunargildi. Minjarnar eru kannski ekki mjög fornar en líklega upprunalegar. Gott aðgengi er að þeim og ætti að vera hægt að nýta þær betur í tengslum við ferðaþjónustu sem er mikil á svæðinu með aukinni upplýsingagjöf um sjálfar minjarnar. Ásigkomulag minjanna er ágætt, enda flestum verið haldið við.



Mynd 19. Sýnir skráðar fornleifar á Laugasvæðinu.

4.8 Heilsa og öryggi


Í gr. 6.3. skipulagsreglugerðar nr. 90 / 2013 eru svæði undir náttúruvá sögð vera „svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari. Tekið er tillit til þekktrar náttúrvár við ákvarðanir um mannvirkjagerð.

Í upphafi árs 2017 ætla Umhverfisstofnun að hefja vinnu við öryggisáætlun fyrir Landmannalaugar en stofnunin gaf út í janúar 2016 Öryggisáætlunir fyrir friðlýst svæði í umsjón Umhverfisstofnunar, Náttúruvættið Dynjanda. Sú áætlun hefur er höfð til hliðsjónar til þess að skoða hvaða þætti þarf að huga að.

Í nágrenni við deiliskipulagssvæðið er talsverð eldvirkni þekkt svo sem gos í Heklu, Eldgjárgosið, gos í Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli. Þekkt eru 20 gos í Kötlum á sögulegum tíma. Mesta hættan af eldgosi á þessu svæði er vegna gjóskufalls, eldinga og eiturefna. Uppbygging við Námskraun verður á aurum Jökulgilskvíslar og þarf að huga vel að varnarmannvirkjum.

4.9 Ferðapjónusta

Landmannalaugar er einn vinsælasti ferðamannastaðurinn á Hálandi Íslands en árið 2012 komu þangað um 70.000 ferðamann. Árið 2014 gistu 16.629 manns í Landmannalaugum, 4428 í skála en 12.201 í tjaldi (sjá mynd 20).. Í skála Ferðafélags Íslands er gistiþláss fyrir 78 manns sem er takmarkandi þáttur því er ekki mikill breytileiki milli ára í fjölda gistinátta í skála.



Mynd 20. Skipting gistingar í Landmannalaugum (Ferðafélag Íslands).

Gistimælingar sumarið 2012 sýna að um 80% gesta dvelja skamma hríð í Landmannalaugum. Talning í Laugum sýndi að meðalviðdvöl dagferðagesta er um 2 stundir. Sumarið 2016 var settur upp skynjari við Sólvang hjá Landmannalaugum sem nemur Bluetooth og Wifi í snjalltækjum fólks og bílum þeirra. Skynjarinn var notaður til að mæla dvalartíma þeirra gesta sem fóru inn í Landmannalaugar. Þær mælingar sýna að 76% gesta dvelja skemur en 4 klst. og aðeins 2 % sem dvelja lengur en 8 klst.

Fullyrða má að þeir sem aðeins hafa skamma viðdvöl hafi takmörkuð áhrif á umhverfið og áhrifin takmarkast við afmarkað svæði. Þessu til stuðnings má vísa í viðhorfskönnun sem FÍ lagði fyrir um 500 gesti í Landmannalaugum sumarið 2012. Þar kom m.a. fram að innan við 20% daggesta varði meira en 4 stundum samtals í göngu um svæðið. Áhrif meginþorra hópsins ná því takmarkað út fyrir næsta nágrenni skálasvæðisins.

Á síðast liðnum 10 árum hefur næturgestum í Landmannalaugum ekki fjölgað að neinu ráði. Gistitímabilið hefur aðeins lengst en á sama tíma hefur tjaldgestum fækkað fremur en hitt. Gistirými skálans hefur verið fullnýtt og ekkert nýtt rými bæst við og því hefur hann verið takmarkandi þáttur.

Stærstur hluti ferðamanna sem kom í Landmannalaugar var ánægður með upplifun sína, aðstöðu og þjónustu og var það í samræmi við niðurstöður úr fyrri könnun t.d. Önnu Dóru og Ferðamálastofu 2012 þar sem Landmannalaugar komu best út allra staða hvað varðar heildarupplifun ferðamanna.

Samkvæmt talningu Rögnvaldar Ólafssonar og Gyðu Þórhallsdóttur (2016) þá var meðalfjöldi bíla á dag árið 2016 á dag á háönn 610 en um haustið 438. Einn síðsumarsdag árið 2016 þegar að tilviljun var valinn dagur til talningar mátti sjá á sama tíma 176 bíla og 12 rútur inn í Landmannalaugum.

5 UMHVERFISSKÝRSLA

5.1 Áhrifa- og umhverfispættir

Helstu þættir deiliskipulagsins sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum, eru bygging stíga og búnaðar fyrir ferðamenn, bílastæði, vegagerð og rofvarnir. Út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu voru umhverfispættir valdir og eru áhrifin mismikil á umhverfispætti eftir því hvort um ræðir vegagerð eða efnistöku.

Það verður fjallað um eftirfarandi umhverfispætti:

Sjónræn áhrif.

Gróður og jarðveg.

Samfélag – hagrænt.

Jarðmyndanir.

Samfélag – öryggi, náttúruvá.

Vatnafar.

Landnotkun.

Fuglalíf.

Fornleifar.

Val á þessum umhverfispáttum byggist á greiningu á því hvaða þættir umhverfisins gætu orðið fyrir áhrifum vegna deiliskipulagsins. Greint verður frá mögulegum mótvægisáðgerðum og vöktun ef í ljós kemur að umhverfisáhrif í einhverjum af áðurtöldum þáttum eru talin veruleg.

5.2 Viðmið

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum er byggt á þremur meginþáttum :

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfispætti.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings, sem kunna að liggja fyrir, sbr. kafla um kynningu og samráð.

Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti verður stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðasamninga, lög og reglugerðir. Í töflu 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati á deiliskipulagsins. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagstillagan hefur í för með sér.

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

Tafla 1. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar.

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfispátt.
Óveruleg	0	Óveruleg/óljós áhrif á umhverfispátt.
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfispátt.

5.3 Upplýsingaöflun og aðferðarfræði

Við mat á umhverfisáhrifum verður sem fyrr segir unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfispátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Framsetning verður í formi texta.

Í deiliskipulaginu eru ekki skoðaðir aðrir valkostir fyrir staðsetningu nýs verslunar- og þjónustusvæðis en svæðið við gatnamót Fjallabaksleiðar nyrðri (F208) og F224 þar sem að í Rammaskipulagi Suðurlandis er gert ráð fyrir að meginþjónusta fyrir Landmannalaugasvæðið færist niður að þessum vegamótum. Í rammaskipulaginu voru metnir þrír valkostir fyrir Landmannalaugar þar sem Valkostur A að byggð verði upp aðstaða á Laugasvæðinu sem getur a.m.k. sinnt núverandi fjölda ferðamanna. Jafnframt var gert ráð fyrir að ferðamönnum myndi fjölga og þungmiðja þjónustunnar myndi færast að syðri hluta

svæðisins. Valkostur B að dregið yrði verulega úr þjónustu á núverandi svæði þar sem á Laugasvæðinu yrði aðstaða fyrir dagsgesti en meginþjónustan yrði við gangmót inn í Laugar. Valkostur C að dregið yrði verulega úr núverandi þjónustu í Laugum og meginhluti þjónustu myndi flytjast annaðhvort á önnur þjónustusvæði eða til byggða. Þó væri gert ráð fyrir öflugri þjónustu við daggesti og jafnvel mjög takmarkaðri tjaldgistingu. Var valkostur B fyrir valinu.

Hinsvegar þegar vinningstillagan í hugmyndasamkeppni um deiliskipulag og hönnun Landmannalauga var unnin höfðu framangreindir umhverfispættir áhrif á val á nákvæmri staðsetningu þjónustusvæðisins við gatnamótin. Valið var að hafa svæðið á aurum Jökulgilskvísar við Námshraun en í umhverfismatinu er frekar greint frá þessu.

5.4 Umhverfismat

5.4.1 Sjónræn áhrif

Viðmið

- Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.
- Friðlýsing Friðlands að Fjallabaki, auglýsing nr. 354/1979 um Friðland að Fjallabaki. Reglur um friðlandið kveða á um hvar almenningi er heimil för og hvernig skuli staðið að uppbyggingu innan friðlandsins.
- Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.

Sjónræn áhrif framkvæmda verða bæði jákvæð og neikvæð. Byggja á upp nýtt svæði við Námshraun á aurum Jökulgilskvísar. Þetta er áður lítið raskað svæði en vegur (F224) inn í Landmannalaugar liggur við svæðið. Sjónræn áhrif mannvirkja við Námshraun verða einhver frá Fjallabaksleið nyrðri en huga þarf vel að því að ganga frá bílastæðum þannig að þau verða að einhverju leyti hulin, þá með hleðslum. Einnig er mikilvægt að ganga vel frá húsum í umhverfinu þannig að þau falli eins vel og kostur er að umhverfinu og verði ekki of áberandi. Ein af ástæðum þess að svæðið norðan við Námshraun var valið fyrir uppbyggingu nýs þjónustusvæðis er að hægt er að fjarlægja öll mannvirki og þá endurheimtir Jökulgilskvíslin svæðið aftur og breytir því til fyrra horfs.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir um 9.500 m³ í rofvarnir við Jökulgilskvísina þetta er efni sem verða að hluta til flutt úr námu við Sigöldu og fyllingarefni úr Jökulgilskvísinni. Lögð er áhersla á að þetta verði unnið í samstarfi við Umhverfisstofnun, Veðurstofuna, Vegagerðina og Landgræðsluna þannig að neikvæð sjónræn áhrif verði sem minnst.

Deiliskipulagið leggur hins vegar áherslu á að minnka sjónræn áhrif mannvirkja á verðmætasta svæðinu í Landmannalaugum. Samræma mannvirki og fjarlægja mannvirki sem skyggja á. Færa bílastæði og bílaumferð út fyrir svæðið. Lögð er mikil áhersla á að byggingar skulu staðsettar þannig á svæðinu að þær trufla útsýni sem minnst en nýbyggingar inni á deiliskipulagssvæði Landmannalauga lúta ákveðnum skilyrðum til að tryggja heildrænt yfirbragð svæðisins og vistvænt gildi sem stuðlar að tillitssemi við viðkvæma náttúru svæðisins. Öll mannvirki sem reist eru á svæðinu skulu vera einföld í samsetningu og auðveldlega afturkræf. Því hefur skipulagið í heildina lítið jákvæð sjónræn áhrif.

Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfispátt
--------	---	------------------------------

5.4.2 Samfélag – hagrænt

Viðmið

- Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020, Taka skal tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu. Vöxtur verði í ferðaþjónustu á Íslandi og honum mætt með aðgerðum sem komi í veg fyrir skaða á náttúrunni vegna aukinnar umferðar.
- Vegvísir í Ferðaþjónustu. Unnið að úrbótum á öllum helstu svæðum. Áhersla á sjálfbærni stuðlar að því að komandi kynslóðir munu njóta svæða í almannaeigu um ókomin ár.

Skipulagið leggur mikla áherslu á að taka tillit til útivistargildis svæðisins og eru einmitt ákvarðanir um landnotkun byggðar á því. Færa á mannvirki og umferð bíla frá því svæði sem er mikilvægast fyrir náttúruupplifun. Stígar verða lagðir þar sem aðgengi á að vera auðvelt fyrir flesta og svo eru gönguslóðar sem liggja út fyrir svæðið fyrir þá sem vilja komast lengra í burtu og hitta færri. Skoðað verður með einstefnu einhverra gönguleiða.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að þegar svæðið er fullbyggt sé gisting fyrir 120 gesti í skálum á svæðinu norðan við Námshraun en í dag er gistiþláss fyrir 78 í skála Ferðafélags Íslands. Á svæðinu norðan við Námshraun gerir skipulagið ráð fyrir 200 tjöldum og ferðavögnum en tjaldsvæði við skála Ferðafélags Íslands verði minnkað verulega og aðeins verði leyfilegt að tjalda 30 hefðbundnum viðlegutjöldum sem verði þó víkjandi landnotkun.

Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfispátt
--------	---	------------------------------

5.4.3 Samfélag – öryggi, náttúruvá

Viðmið

- Hættumat fyrir Kötlu
- Umsögn Veðurstofu Íslands.
- Gr. 6.3. skipulagsreglugerðar nr. 90 / 2013.

Svæðið er í nálægð við nokkrar þekktar eldstöðvar en Umhverfisstofnun er að hefja vinnu við öryggisáætlun fyrir Friðland að Fjallabaki og því Landmannalaugar þar á meðal. Í þeirri öryggisáætlun verður m.a. viðbragðsáætlun. Í forvinnu að þessu deiliskipulagi voru skoðaðir aðrar staðsetningar á nýju þjónustusvæði svo sem á Sólvangi en þar var talin meiri hættu á hruni.

Við hönnun nýja þjónustusvæðisins á aurum Jökulgilskvísar norðan við Námshraun þarf að huga vel að varnarmannvirkjum í samráði við fagaðila svo sem Veðurstofu Íslands, Landgræðsluna og Vegagerðina. Í dag er nokkur reynsla af þeim varnarmannvirkjum sem þegar eru á svæðinu um hversu há og vegleg þau þurfa að vera en varnargarðar eru í kringum 2 m. Þjónustusvæðinu var valin þessi staðsetning á aurunum til þess að það væri ekki á hrúnsvæði á Sólvangi sjá mynd 21 bls. 33.

Óveruleg	0	Óveruleg/óljós áhrif á umhverfispátt
----------	---	--------------------------------------

5.4.4 Landnotkun

Viðmið

- Skipulagslög nr. 123/2010.
- Landsskipulagsstefna 2015-2026, sérstaklega kafli. 1.2. Ferðapjónusta í sátt við náttúru og umhverfi.
- Aðalskipulag Rangárbings ytra 2000-2016. Umfjöllun um Landmannalaugar og nágrenni.
- Rammaskipulag suðrhálendis kafli 3.3.1. Landmannalaugar.
- Friðlýsing Friðland að Fjallabaki frá 1979.

Deiliskipulagið er í samræmi við landnotkun eins og hún er í öðrum skipulagsáætlunum fyrir Landmannalaugar. Ekki eru skoðaðir aðrir valkostir fyrir staðsetningu nýs verslunar- og þjónustusvæðis en svæðið við gatnamót Fjallabaksleiðar nyrðri (F208) og F224 þar sem að í Rammaskipulagi Suðrhálendis er gert ráð fyrir að meginþjónusta fyrir Landmannalaugasvæðið færist niður að þessum vegamótum. Í aðalskipulagi Rangárbings ytra segir að Landmannalaugar séu einn fjölsóttasti ferðamannastaður á hálendinu en gert er ráð fyrir að dregið verði úr álagi ferðamanna á svæðinu. Svæði sé í góðu vegasambandi um Fjallabaksleið nyrðri og vinsæll alhliða áningarstaður sem liggur vel við reið- og gönguleiðum á Fjallabakssvæðinu. Í Landsskipulagsstefnu er sagt að uppbygging á ferðamannaaðstöðu eigi að vera takmörkuð á miðhálendinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálendisins. Nýja svæðið er einmitt við einn aðalveg hálendisins Fjallabaksleið nyrðri. Í Landsskipulagsstefnu eru Landmannalaugar skilgreindar sem skálasvæði.

Svæðið var friðlýst skv. náttúruverndarlögum árið 1979 og leggur því skipulagið mikla áherslu á að við allar framkvæmdir skuli raski haldið í algjöru lágmarki og að byggingar samsvari sig vel en skyggi ekki á þá miklu náttúru sem er í Landmannalaugum.

Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfispátt
--------	---	------------------------------

5.4.5 Fornleifar

Viðmið

- Skráðar friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.
- Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðarleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.) skv. 3 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- Umsögn minjavarðar.
- Skráðar fornminjar.

Gerð hefur verið fornleifaskráning á svæðinu og er tekið tillit til þeirrar skráningar við gerð skipulagsins. Forðast er að raska minjum og göngustígar og gönguslóðar eða önnur mannvirki lögð um minjasvæði. Engar minjar eiga að raskast. Neikvæð áhrif skipulagsins á minjar eru því engin.


Óveruleg	0	Óveruleg/óljós áhrif á umhverfispátt
----------	---	--------------------------------------

5.4.6 Gróður og jarðvegur

Viðmið

- Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur.
- Listi yfir friðlýstar plöntur.
- 61 gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða.

Við vinnslu tillögunnar var vel farið yfir og skoðað hvaða staðsetning væri heppileg fyrir nýtt svæði austan Námshrauns og einn á þeim þáttum sem vó þungt var gróðurfar. Vilji var til að forðast það svæði sem væri með viðkvæman gróður og reynt væri að minnka eða stoppa átroðning á þeim svæðum sem væru með fágætan gróður. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur unnið gróðurgreiningu á svæðinu (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2014) og var sú greining notuð. Tillagan hlífir svæðinu við Sólvang því þar er gróður viðkvæmur og gróðurbollar við hraunjaðar. Umfang er minnkað í nálægð við náttúrulega þar sem gróður er fágætur þó að stígar séu breikkaðir og skýli stækkað til þess að koma í veg fyrir að stigið sé út fyrir þau.



Mynd 21. Skissuteikning sem notuð var við val á svæðinu við Námshraun.

Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfispátt
--------	---	------------------------------

5.4.7 Jarðmyndanir

Viðmið

- 61 gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Markmið er að fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á landsvísi.

- Auglýsing nr. 354/1979 um Friðland að Fjallabaki. Reglur um friðlandið kveða á um hvar almenningi er heimil för og hvernig skuli staðið að uppbyggingu innan friðlandsins.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir nokkrum rofvrörum við Jökulgilskvísl og Námskvísl. Áhrif skipulagsins á jarðmyndanir eru þó óveruleg. Áreyrar Jökulgilskvíslar eru mörg hundruð hektarar að stærð og í ánni verða miklir vatnavextir í vorleysingum þar sem hún flæmist um allt. Því hverfur strax það rask sem verður í ánni og það efni sem verður flutt til er agnar lítill hluti af heildarmagninu. Rofvarnir skulu þó gerðar í góðu samráði við Umhverfisstofnun og rask á alls ekki að verða sýnilegt eða mannvirkin að hafa neikvæð umhverfisáhrif á svæðið.

Skipulagið leggur upp með að reyna að hlífa þeim jarðmyndum sem taldar eru upp í 61. gr. laga um náttúruvernd svo sem hrauni. Skipulagið leggur þó til að einn göngustígur liggi í gegnum Námshraun en í dag er þarna stígur. Skipulagið setur þó það skilyrði að leitast skal við að raska sem minnst landi. Í hönnun skal skoða að halda breidd í lágmarki og þess í stað gera ráð fyrir útskotum þar sem auðvelt er að mætast en stígurinn á að vera fljótandi og því verður hægt að fjarlægja hann. Ekki er leyfð hjólandi umferð í gengum hraunið.

Byggingar eiga að vera hannaðar þannig að þær séu á stöplum og hægt verði að fjarlægja þeir þegar notkun þeirra er lokið án þess að þær skilji eftir sig stórt fótspor.

Óveruleg	0	Óveruleg/óljós áhrif á umhverfispátt
----------	---	--------------------------------------

5.4.8 Vatnafar

Viðmið

- 1. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn.
- 1. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Áhrif tillögunnar á vatnafar eru óveruleg. Skipulagið felur þó í sér nokkra varnargarða og rofvarnir fyrir Jökulgilskvíslina og Námskvíslina. Í dag eru varnargarðar víða meðfram þessum ám og hafa þessir nýju garðar ekki áhrif umfram þá. Framkvæmdir við rofvarnir eru afturkræfar því ef þær eru fjarlægðar þá endurheimta árnar aftur sitt svæði.

Óveruleg	0	Óveruleg/óljós áhrif á umhverfispátt
----------	---	--------------------------------------

5.4.9 Fuglalíf

Viðmið

- Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla og spendýr gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
- Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum nr. 64/1994 en skv. 6. gr. skal gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulags- og byggingarlög.

Eins og kom fram í kafla 4.6 um fugla er fjölbreytt fuglalíf í Landmannalaugum. Þar er meðal annars nokkuð um votlendisfugla. Lögð er áhersla á að raska ekki varplendi fugla og það á ekki að raska votlendissvæðum. Nýtt svæði verður byggt upp á aurum Jökulgilskvíslar en álag verður minnkað á svæðinu inn í Landmannalaugum.

Óveruleg	0	Óveruleg/óljós áhrif á umhverfispátt
----------	---	--------------------------------------

5.5 Niðurstaða mats

Niðurstaða matsins er sú að deiliskipulagið hefur annað hvort jákvæð eða óveruleg áhrif á umhverfispátti. Vanda þarf þó alla hönnun og frágang þannig að framkvæmdir feli alls ekki í sér meira rask en þörf er til. Nýbyggingar inni á deiliskipulagssvæði Landmannalauga lúta ákveðnum skilyrðum til að tryggja heildrænt yfirbragð svæðisins og vistvæn gildi sem stuðla að tillitsssemi við viðkvæma náttúru svæðisins. Öll mannvirki sem reist eru á svæðinu skulu vera einföld í samsetningu og auðveldlega afturkræf. Þau skulu byggð á timburpöllum sem standa á punkt undirstöðum og samansett á staðnum af

forsmíðuðum einingum. Sérstaklega skal gætt að umhverfi við framkvæmd og að framkvæmdarsvæði sé skýrt afmarkað og undir engum kringumstæðum sé náttúru raskað utan við framkvæmdarsvæði.

Bílastæði verða mótuð í samhengi með göngustígnum til þess að draga úr sýnileika. Deiliskipulagið er að skapa aðstæður sem draga úr álagi ferðamanna en að sama skapi bæta þjónustu við ferðamenn á svæðinu.

6 VÖKTUN

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun á svæðinu umfram núverandi vöktun landvarða á svæðinu.

7 HEIMILDARSKRÁ

Aðalskipulag Rangárpings ytra 2000-2016 með síðari breytingum

Anna Dóra Sæþórsdóttir og Gyða Þórhallsdóttir, desember 2013. Viðhorf ferðamanna á miðhálandi Íslands. Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóli Íslands, Ferðamálastofa og Vatnajökulspjóðgarður.

Anna Dóra Sæþórsdóttir og Þorkell Stefánsson, desember 2012. Þolmörk ferðamanna í Friðlandi að Fjallabaki. Útgefandi: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. 53 bls.

Anna Mjöll Guðmundsdóttir 2011. Uppbygging og skipulag ferðamennsku í Landmannalaugum. Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands 2011. 121 bls.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og SAF, október 2015. Vegvísir í ferðaþjónustu.

Ásrún Elmarsdóttir, Erling Ólafsson, Guðmundur Guðjónsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Olga Kolbrún Vilmundardóttir og Rannveig Thoroddsen: 2009. Jarðminjar á háhitasvæðum Íslands: Jarðfræði, landmótun og yfirborðsummerki jarðhita. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík

Ferðamálastofa, apríl 2015. Ferðaþjónusta í Íslandi í Tölum. Reykjavík.

Landmótun og VA-Arkitektar. Tillaga 54264, Landmannalaugar, Hugmyndasamkeppni um deiliskipulag og hönnun.

Lög nr. 80/2012 um menningarminjar

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd

Lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Lög nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum

Magnús A. Sigurðsson 2008. Geysir: Fornleifaskráning. Fornleifavernd ríkisins. Reykjavík

Náttúrufræðistofnun Íslands 2009. Gróður, fuglar og smádyr á 18 háhitasvæðum: Samantekt á fyrirliggjandi gögnum. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.

Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá 7. útgáfa. Náttúruverndarráð. Reykjavík.

Rangárpíng ytra 16. des. . 2011. Aðalskipulag Rangárpings ytra 2010-2022.

Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn

Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns

Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp m.s.br.

Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir (2016). Ferðaleiðir að Fjallabaki. Rannsóknarráðstefna Vegagerðarinnar í Hörpu 28. október 2016 (óútgefið, glærur).

Skipulagslög nr. 123/2010.

Umhverfisstofnun 2014a. Náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun. Reykjavík.

Umhverfisstofnun 2014b. Rauði listinn – svæði í hættu. Yfirlit til umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Skyrslur/raudi_listinn_2014.pdf

Umhverfisstofnun, 2010. Ástand friðlýstra svæða – Yfirlit til umhverfisráðuneytisins.

VA-Arkitektar (september 2016). Landmannalaugar - Aðstaða ferðapjónustu.. Þarfagreining – Frumathugun.

VIÐAUKI I

Byggingaskilmálar		stærð byggingareits	hámarks stærð byggingar m2	hámarks breidd byggingar m2	hæð byggingar	þakhalli °	hámarks mænishæð byggingar m	fjöldi bygginga	hámarks byggingarmagn m2
Mannvirki við Námskvísl									
(N)	Skýli fyrir áningahópa með nestisaðstöðu, upplýsingamiðlun og dagaðstöðu landvarðar	2700	200	6	1	34° - 45°	4,6	1	200
(B)	Snyrtingahús og sturtuaðstaða		140	6	1	34° - 45°	4,6	1	140
	Timburpallur		510			34° - 45°	4,6	1	510
Mannvirki við baðlaug									
(D)	Skýli við laug	200	25	3	1	20° - 27°	3,8	1	25
	Timburpallur		100					1	100
Skýli við áningastað vestan Námskraun									
	Skýli fyrir áningahópa með nestisaðstöðu	150	25	3	1	20° - 27°	3,8	1	25
	Timburpallur		100					1	100
Skáli Ferðafélags Íslands									
	Núverandi skáli	80							
	Viðbygging við skála, snyrtingar		60		1 - 1,5	20° - 45°		1	60
	Timburpallur		165					1	165
Mannvirki við Námskraun									
(M)	Móttökuhús/gestastofa	4300	310	7	1 - 1,5	34° - 45°	4,6	1	310
	Hjólaskýli		28	6	1	34° - 45°	4,6	1	28
	Timburpallur		550					1	550
(S)	Starfsmannaskáli	300 x 4	85	6	1 - 1,5	34° - 45°	4,6	4	340
(G)	Gestaskáli	300 x 6	85	6	1 - 1,5	34° - 45°	4,6	6	510
(P)	Þjónustuhús með baðaðstöðu við manngerða laug	2000	200	6	1	34° - 45°	4,6	1	200
	Baðlaug								
	Timburpallur		40					1	40
	Þjónustuskáli/skýli á tjaldstæði	120	75	4,2	1	20° - 34°	4,6	2	150
Aðstaða hestaleigu									
(D)	Hestagerði								
	Hestaskýli	100	28	6	1 - 1,5	34° - 45°	4,6	1	28



VIÐAUKI II

ÞARFAGREINING - Fylliskjal 1.2.3.a

LANDMANNALAUGAR - TÍMALÍNA FRAMKVÆMDA

ÁFANGASÖPTING - ÆTILUN FRAMKVÆMDA	2017												2018												2019																	
	nov. 2016-apr. 2017	maí	júní	júlí	ágúst	september	október	november	desember	janúar	febrúar	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	september	október	november	desember	janúar	febrúar	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	september	október	november	desember	janúar	febrúar	mars	apríl	maí	júní	júlí		
1. ÁFANGI: VIÐ NÁMSKVIÐ	HÖNNUN																																									
Blástæði fyrir 7 númer og um 75 bíla																																										
Væmperður með göngustíg meðfram akvegi frá þyfini Hluta Námsbrauns og inn að einangratsð við Námsvið																																										
Göngustígur frá Námsviði að Laugavegi																																										
Þjónustuhús með bað- og snyrtiaðstöðu fyrir kværgæsti																																										
Dagabættasta íbúðarstöð og kynningar- og hestabættasta fyrir daggesti og annað göngufólk																																										
Áðstaða/öskýr við laug																																										
Endumýjað göngustígur frá laug að skúla F1																																										
Væmperður með göngustíg norðan Námsbrauns. Hæð og dyngur prófaður																																										
2. ÁFANGI: NORDAN NÁMSBRAUN																																										
Tjaldstöð																																										
Húsbíla- og tjaldvagnstöð																																										
Blástæði og notustæði																																										
Landnámskúllar																																										
Snyrtihús á tjaldstöð																																										
Gættastofa																																										
Gættaskúllar 3-5																																										
Göngustígur frá tjaldstöð við Námsbraunir og inn til skúla F1																																										
Skúli og aðstaða hliðsþvaktar																																										
Bættastaða																																										
Manngerð laug																																										
Húsbíla- og tjaldvagnstöð																																										
Viðbygging við skúla F1 (snyrtir og bað)																																										
Endumýjaður einangratsstígur við skúla F1																																										
Endumýjaður göngustígur í upphafi Laugavegar																																										
3. ÁFANGI: HESTAGERÐI																																										
Hestagerði																																										
Skúli fyrir starfsmenn og hestaskýli																																										
Gættastofa fyrir hestabættastofu																																										